

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1640  
komudagur 27. 3. 2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150-Reykjavík.

Reykjavík 23/3 2012.

Um sögn um frumvarp til laga um landflutningalög . – 303. mál.

Undirritaður er mjög hlyntur því að ofangreint frumvarp verði að lögum.  
Verði það að lögum er kominn grundvöllur fyrir virkri samkeppni um flutninga og gæti það leitt til betri þjónustu og lægra verðs.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hættu “stóru skipafélögin” siglingum á ströndina 2004. Undirritaður hafði áhuga fyrir því að halda þeim áfram og hóf útgerð stranderðaskipsins “Jaxlinn”. Sú útgerð stóð yfir 2004 og 2005. Það sem helst stóð henni fyrir þrifum var hin svokallaða “franhaldsfrakt”. T.d. þegar vara var flutt til útflutningshafnar eða frá innflutningshöfn. Verði þetta frumvarp að lögum þá kemur grundvöllur fyrir virkri samkeppni um flutningana og hinum óþeina ríkisstyrk í formi uppbyggingar og viðhaldi vega linnir. Lengi hefur mér fundist einkennilegt að miða við “öxulþunga” í stað “heilðarþunga” bifreiðar. Vitað er að það er undirlag vega sem gefur sig fyrst og síðan slitlagið. Leita þarf hagkvæmstu leiða til flutninga en ekki niðurgreiða þá óhagkvæmu. Mikið er rætt um að afgreiða þurfi vörur til neytenda helst daglega, en það gleymist að millilanda skipin koma allment til landsins vikulega. Veiti fúslega frekari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

  
Ragnar M. Traustason.  
Kt: 251248-6649.

G.S.M. 892-0271.  
E-mail: rmt2@simnet.is